Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025-2026

| **Tímabil:** | **Bekkur: 1.bekkur** | **Námsgrein: íslenska** | **Kennari: Katrín Hrefna** | **Tímafjöldi**:7 |
|---|---|---|---|---|

| **Námsgögn**: | **Námsgögn:** |
|---|---|

Lykilhæfni:
Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- tjáning og miðlun
- skapandi og gagnrýnin hugsun
- sjálfstæði og samvinna
- nýting miðla og upplýsinga
- ábyrgð og mat á eigin námi

**Grunnþættir:**
Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.* Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.

**Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.**

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í megindráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- *í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggt er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.*
- *með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.*

**Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.**

- *Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.*
- *Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.*
- *Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.*

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Náms-og kennsluaðferðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Talað mál, hlustun og áhorf | Nemandi;<br>● þjálfist í að tala skýrt<br>● geti lesið áheyrilega<br>● geti skapað og endursagt texta<br>● geti svarað munnlega spurningum úr texta<br>● geti hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð, söngva og greint frá upplifun sinni<br>● geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi | Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir sem reyna á skilning, samvinnu, einstaklingsvinnu, gagnrýna hugsun, þar sem reynt er að höfða til hvers og eins. Eftir innlögn kennara vinna nemendur sjálfstætt eða í hópum að verkefnum sínum. | Munnleg og verkleg verkefni. Próf, kannanir og skimanir af ýmsu tagi. Þátttaka í samræðum, tjáning og virkni. Einstaklings- og hópverkefni. Sjálfsmat. Símat. |
| Lestur og bókmenntir | Nemandi;<br>● þjálfist í að lesa skýrt og liðlega<br>● geti notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir<br>● geti lesið sér til gagns og gamans<br>● þekki vísur og ljóð.<br>● kynnist íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og frásögnum<br>● þjálfist í að fá bækur lánaðar á bókasafninu<br>● auki orðaforða, mál- og lesskilning<br>● geti endursagt lesinn texta yfir hópinn | Stuðst er við hljóðaðferðina. | Munnleg, verkleg, skrifleg og myndræn verkefni. Próf, kannanir og skimanir af ýmsu tagi. Vinnubækur og verkmöppur. Einstaklings- og hópverkefni. Símat. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ritun/Skrift | Nemandi;<br>● geti dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega<br>● geti samið einfaldan texta svo sem sögu eða frásögn<br>● geti beitt einföldum stafsetningarreglum | | símat |
| Málfræði | Nemandi;<br><br>● kynnist einföldum stafsetningareglum<br>● geti þekkt mun á sérhljóðum og samhljóðum<br>● kynnist sérnöfnum og samnöfnum<br>● kynnist samheiti og andheiti<br>● æfist í að nota stóran og lítinn staf á réttan hátt<br>● kynnist nafnorðum | Innlögn, umræður, einstaklingsvinna og hópavinna. | Símat |

| **ANNARÁÆTLUNr** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Tímabil** | **Viðfangsefni** | **Námsefni** | **Dagsetning mats** | **Annað** |
| | | | | |

**Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.**